

Föstudaginn 29. október 1971.

Nr. 231/1969. Ísbjörninn h/f
 (Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
 gegn
 Kristni Sölvasyni
 (Ragnar Jónsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómaramir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,
 Gizur Bergsteinsson og Magnús P. Torfason og Halldór Þor-
 björnsson sakadómari.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. nóvember 1969, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. desember 1969. Krefst hann þess, að honum verði dæmd sýkna og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í hér- aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi var II. stýrimaður á m/s Ásbergi, RE 22, á tíma- bilinu 12. febrúar til 21. maí 1968. M/s Ásberg er talinn 316 rúmlestir. Samkvæmt b lið 45. gr. laga nr. 66/1946 um at- vinnu við siglingar á íslenskum skipum, sbr. nú b lið 21. gr. laga nr. 52/1968, skulu vera a. m. k. tveir stýrimenn á fiski- skipi 300 rúmlestir og stærra. Á þeim tíma, er hér skiptir máli, voru á m/s Ásbergi stundaðar fiskveiðar með netjum, og var skipið samkvæmt gögnum, er fyrir Hæstarétt hafa verið lögð, landröðraskip.

Í vertíðar- og kjarasamningunum frá 29. desember 1963 og 26. febrúar 1965 voru eigi ákvæði um laun II. stýrimanns á landröðraskipum, sem stunduðu þorskveiðar með netjum. Urðu af þessum sökum bréfaskipti milli Landssambands ís- lenzkra útvegsmanna, þar sem áfrýjandi er félagi, og Skip- stjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, félags stefnda. Í

bréfi Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar 22. maí 1967 segir: „Stjórnarfundur, haldinn föstudaginn 19. 5. 1967, felst á, að kaup viðkomandi verði 2.89% af brúttó aflaverðmæti, þó aldrei minna en $1\frac{1}{8}$ hásetahlutur“. Greiddi áfrýjandi stefnda laun fyrir störf hans á m/s Ásbergi samkvæmt þessu. Ætla verður, að stjórn Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar hafi haldið uppi hagsmunum stefnda, eftir því sem efni stóðu til, og eigi borið fyrir borð hlut hans. Eru því eigi efni til að dæma honum hærra kaup en stjórnin taldi hæfilegt. Samkvæmt þessu ber að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ísbjörninn h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Kristins Sölvasonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. júní 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Kristinn Sölvason, stýrimaður hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 30. júlí s.l., á hendur Ísbirninum h/f hér í borg til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 8.903.09 með 8% ársvöxtum frá 21. maí 1968 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Þá hefur stefnandi og krafizt sjóveðs í m/s Ásbergi, RE 22, til tryggingar dómkröfunum.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var ráðinn II. stýrimaður á skip stefnda, m/s Ásberg, RE 22, á tímabilinu 12. febrúar til 21. maí 1968. Stundaði skipið þá veiðar í net í útilegu. Er ágreiningslaust, að m/s Ásberg sé 316 rúmlestir. Við uppgjör, er stefnanda var afhent, var hásetahlutur greint tímabil kr. 66.568.81, og var stefnanda sem II. stýrimanni reiknaður $1\frac{1}{8}$ hásetahlutur af þeirri fjárhæð svo og kaup og orlof. Er útreikningur þessi svohljóðandi:

1½ hásetahlutur	kr. 74.889.91
Kaup 12. febrúar—21. maí, 100 dagar, á kr. 20.80 —	2.080.00
7% orlof	— 5.388.00

Kr. 82.357.91

Stefnandi telur, að þetta uppgjör sé rangt, þar sem sér beri 1¼ hásetahlutur. Er útreikningur hans í samræmi við það þannig:

1¼ hásetahlutur	kr. 83.211.00
Kaup	— 2.080.00
Orlof	— 5.970.00

Kr. 91.261.00

Í vertíðarsamningi, sem gerður var hinn 29. desember 1963 milli ýmissa stéttarfélaganna yfirmanna á fiskiskipum, þar á meðal Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, sem ágreiningslaust er, að stefnandi sé félagi í, og Landssambands íslenskra útvegs- manna, sem ágreiningslaust er, að stefndi sé aðili að, er svofellt ákvæði í d lið 1. gr. um skiptakjör skipstjóra og stýrimanna á úti- legubátum að veiðum í þorskanet: Útilegubátar á netjum:

„Skipstj.	4.9%
I. stýrim.	2.69%
II. stýrim.	3.07%“

Þá er í 2. mgr. 4. gr. samningsins svofellt ákvæði: „Þó skal hlutur skipstjóra skv. 1.—4. gr. aldrei vera minni en tveir háseta- hlutir, hlutur I. stýrimanns ekki minni en 1½ hásetahlutur og hlutur II. stýrimanns ekki minni en 1¼ hásetahlutur“. Í b lið 2. gr. síldveiðisamnings sömu aðilja, sem gerður var á sama tíma, er ákvæði um skiptakjör II. stýrimanns á skipum allt að 300 rúmlestum, en ekki virðist þar hafa verið gert ráð fyrir stærri skipum. Í niðurlagi ákvæðis þessa segir svo: „Þó skal II. stýri- maður aldrei hafa minna en 1¼ hásetahlut“.

Hinn 26. febrúar 1965 gerðu aðiljar þessir með sér samning um viðbætur og breytingar á síldveiði- og vertíðarsamningnum frá 29. desember 1963. Var m. a. bætt nýrri grein inn í vertíðarsam- ninginn um skiptakjör, þegar veitt er í hringnót. Er greinin svo- hljóðandi:

„Á skipum, sem stunda þorsk, ýsu eða ufsaveiðar með hringnót, skal skipstjóri hafa 7.78% af brúttóafla skipsins, þó aldrei minna en tvo hásetahluti.

Kjör stýrimanna skulu vera sem hér segir:

- Á skipum undir 60 rúml. 38.0%, 10 menn, I. stýrim. 5.70%
- Á skipum að 60 rúml. 38.0%, 10 menn, II. stýrim. 4.75%
- Á skipum 60 að 120 rúml. 36.5%, 11 menn, I. stýrim. 4.98%
- Á skipum 60 að 120 rúml. 36.5%, 11 menn, II. stýrim. 4.15%
- Á skipum 120 að 240 rúml. 35.5%, 12 menn, I. stýrim. 4.44%
- Á skipum 120 að 240 rúml. 35.5%, 12 menn, II. stýrim. 3.70%
- Á skipum 240 að 300 rúml. 35.5%, 13 menn, I. stýrim. 4.10%
- Á skipum 240 að 300 rúml. 35.5%, 13 menn, II. stýrim. 3.41%
- Á skipum 300 að 500 rúml. 35.0%, 14 menn, I. stýrim. 3.75%
- Á skipum 300 að 500 rúml. 35.0%, 14 menn, II. stýrim. 2.81%

Þó skal hlutur I. stýrimanns aldrei vera minni en $1\frac{1}{2}$ hásetahlutur, II. stýrimanns $1\frac{1}{4}$ hásetahlutur, nema á skipum yfir 300 rúml. $1\frac{1}{8}$ hásetahlutur. Auk ofanritaðs skal greiða skipstjórum og stýrimönnum kr. 446.00 á mánuði í fast kaup.

Sé afli saltaður um borð, skal hundraðshluti framangreindra aðila lækka í sama hlutfalli og hundraðshluti hvers háseta lækkar, þegar fjölgað er um menn“.

Þá var í viðbótarsamningi þessum tekið inn viðbótarákvæði við 2. gr. síldveiðisamningsins um kjör II. stýrimanns á skipum 300 að 500 rúmllestum. Er það svohljóðandi: „Á skipum 300 að 500 rúml. 2.89 af hundraði brúttó söluverðs afla og auk þess kr. 446.00 í fast kaup á mánuði“.

Hinn 12. maí 1967 ritaði Landssamband íslenskra útvegsmanna Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Öldunni svohljóðandi bréf:

„Nýlega hafa komið til landsins bátar, sem eru yfir 300 rúmllestir að stærð, og eiga þeir lögum samkvæmt að hafa tvo stýrimenn.

Í samningum vorum frá 29. desember 1963 og viðbót við þann samning frá 26. febrúar 1965 er ekki ákvæði um laun 2. stýrimanns á þorskveiðum með netum.

Með tilliti til þess, að 2 bátar, sem eru yfir 300 rúmllestir að stærð, voru gerðir út frá Reykjavík til þorskveiða með netum á þessari vetrarvertíð, viljum vér leggja til, að laun 2. stýrimanns verði ákveðin $1\frac{1}{8}$ hásetahlutur, eða hundraðshluti af afla, sem jafngildi $1\frac{1}{8}$ hásetahlut. Væru það sömu laun og 2. stýrimaður hefur á þessari stærð báta á síldveiðum.

Svar við þessu erindi voru óskast hið allra fyrsta“.

Í svarbréfi Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, sem dagsett er hinn 22. maí 1967, segir svo:

„Höfum mótttekið bréf yðar, dags. 12. 5. 1967.

Stjórnarfundur haldinn föstudaginn 19. 5. 1967 fellst á, að kaup viðkomandi verði 2.89% af brúttó aflaverðmæti, þó aldrei minna en $1\frac{1}{8}$ hásetahlutur“.

Það mun nú hafa verið á árinu 1967, sem ágreiningur reis milli Skipstjórafélags Norðlendinga og Landssambands íslenskra útvegsmanna um skilning á ákvæðum síldveiðisamningsins frá 29. desember 1963 og ákvæðum viðbótarsamnings þess frá 26. febrúar 1965, sem áður er greint, að því er varðaði kjör II. stýrimanns við síldveiðar á skipum 300 að 500 rúmllestum að stærð. Dómur gekk í Félagsdómi hinn 19. desember 1967, og varð niðurstaða hans sú, að ákvæði b liðar 2. gr. síldveiðisamningsins frá 29. desember 1963 skyldi gilda við ráðningarsamninga II. stýrimanns við síldveiðar á skipum af þessari stærð.

Kröfur stefnanda í máli því, sem hér er fyrir dómi, eru byggðar á því, að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 4. gr. vertíðarsamningsins frá 29. desember 1963 beri stefnanda sem II. stýrimanni ekki minna en $1\frac{1}{4}$ hásetahlutur fyrir störf hans hjá stefnda á greindu tímabili. Til stuðnings kröfu stefnanda er bent á niðurstöðu Félagsdóms í fyrrgreindu máli. Þá hefur því verið haldið fram af hálfu stefnanda við munnlegan flutning málsins, að ekki hafi verið hægt að breyta vertíðarsamningnum nema með nýjum kjarasamningi, en það hafi ekki verið gert, enda skapi bréfaskipti þau, sem fram fóru milli Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar og Landssambands íslenskra útvegsmanna ekki nýjan kjarasamning fyrir félagsmenn þessara félaga.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að með bréfaskiptum Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar og Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem voru rakin hér að ofan, hafi komið á bindandi samningur um kjör II. stýrimanns á útilegubátum að veiðum með þorskanetjum milli stéttarfélaga aðilja máls þessa. Gert hafi verið upp við stefnanda í samræmi við það og eigi stefnandi því ekki frekari kröfur á hendur stefnda.

Samkvæmt ákvæði d liðar 1. gr. vertíðarsamningsins frá 29. desember 1963, sem var í gildi ráðningartíma stefnanda hjá stefnda, var hlutur II. stýrimanns á útilegubátum á netjum ákveðinn 3.07% af „brúttó“ aflaverðmæti. Ekki er í ákvæði þessu gerður neinn munur á því, af hvaða stærð bátar þeir séu, sem veiðarnar stunda. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 4. gr. samningsins

skyldi hlutur II. stýrimanns þó aldrei vera minni en $1\frac{1}{4}$ hásetahlutur. Þótt síðar hafi komið til landsins stærri bátar en notaðir voru við veiðar þessar, er greindur samningur var gerður, hefur þó við samningsgerðina verið við það miðað, að á bátum, er veiðarnar stunduðu, kynnu að vera I. og II. stýrimaður.

Samkvæmt þessu ber að beita þessum ákvæðum vertíðarsamningsins frá 29. desember 1963 við ákvörðun ráðningarkjara stefnanda hjá stefnda greint tímabil, enda verður að telja, að bréfaskipti Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar og samþykkt stjórnar hins síðargreinda hafi ekki breytt þessum ákvæðum vertíðarsamningsins. Samkvæmt þessu ber að byggja uppgjör stefnda við stefnanda á því, að honum, þ. e. stefnanda, beri fyrir störf sín greindan ráðningartíma $1\frac{1}{4}$ hásetahlutur, og þar sem kröfur stefnanda eru á því byggðar og hafa ekki reikningslega sætt mótmælum, þá verða þær teknar til greina.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3.903.09 með 8% ársvöxtum frá 21. maí 1968 til greiðsludags og málskostnað, sem ákveðst kr. 4.500.00. Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt í m/s Ásbergi, RE 22, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendum Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda, og Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Ísbjörninn h/f, greiði stefnanda, Kristni Sölvasyni, kr. 3.903.09 með 8% ársvöxtum frá 21. maí 1968 til greiðsludags og kr. 4.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Ásbergi, RE 22, fyrir dæmdum fjárhæðum.